

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2018, föstudaginn 27. apríl, var haldinn 286. fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Sverrir Óskarsson, Sigrún Edda Jónsdóttir og Guðlaug Kristjánsdóttir. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Framvindumat vegna samnings um eflingu almenningssamgangna
2. Olíuútboð Strætó 2018
3. Vetnisverkefni
4. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Framvindumat vegna samnings um eflingu almenningssamgangna

Árni Freyr Stefánsson, samgönguverkfræðingur hjá Mannvit, kynnti skýrslu sem Mannvit vann varðandi tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu 2012-2022, skýrslan var unnin fyrir stýrihóp SSH og ríkisins og var gefin út í apríl 2018.

Í kynningunni kom fram að verkefnið hefur skilað árangri og flestir þeir mælikvarðar sem þar eru notaðir sýna jákvæðar niðurstöður.

Enn hefur þó ekki tekist að ná viðunandi árangri í hlutfalli ferða með almenningsvögnum af heildarfjölda ferða á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn óskar eftir að framkvæmdastjóri leggi fram aðgerðaáætlun Strætó um hvernig ná má tilætluðum árangri í verkefninu.

2. Olíuútboð Strætó 2018

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að fyrirkomulagi á olíuútboði Strætó 2018.

Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að bjóða út olíukaup Strætó í samræmi við umræður á fundinum.

3. Vetnisverkefni

Áframhaldandi umfjöllun um stöðu vetnisverkefnis á vegum Evrópusambandsins sem gengur undir nafninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe“ (JIVE II FCH-JU EU) og var síðast til umfjöllunar á fundi stjórnar 19. janúar 2018. Framkvæmdastjóri fór yfir næstu skref verkefnisins.

Stjórn óskar eftir að framkvæmdastjóri leggi fram minnisblað um verkefnið.

4. Önnur mál

- a) Löggð voru fram drög að samningi um samstarf Strætó og hjólaleigu WOW Air sem gildir frá 1. maí 2018 til 1. október 2018. Um er að ræða tilraunaverkefni um sameiginlega sölu- og markaðsstarf á vöru sem verður kölluð „Bus‘n‘Bike“. Stjórn Strætó samþykkir framlagðan samning.
- b) Minnisblað um jafnlaunavottun lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 12:15

Heiða Björg Hilmisdóttir
Sverrir Óskarsson
Bryndís Haraldsdóttir

Gunnar Valur Gíslason
Sigrún Edda Jónsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir

Fylgiskjöl:

- Framvindumat vegna samnings um eflingu almenningssamgangna, apríl 2018, kynning Mannvits 27. apríl 2018.